

Íþróttá- og tómstundanevnd - 228

**Haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
29.04.2016 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu: Matthías Freyr Matthíasson. Guðbjörg Oddný Jónasdóttir. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir. Elísabet Ólafsdóttir.

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason

Fulltrúi Ungmennaráðs sat fundinn

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1604426 - Hreyfivika

Lögð fram kynning á Hreyfiviku UMFÍ.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og telur það samræmast stefnu Hafnarfjarðarbæjar í heilsueflandi samfélagi.

Íþróttafulltrúa falið að styðja við verkefnið og koma því í kynningu og finna samstarfsaðila.

2. 1604533 - Búnaður íþróttafélaga

Íþróttafulltrúi fór yfir stöðu í viðhaldi íþróttamannvirkja og áherslur varðandi búnaðarendurnýjum.

Fyrir liggur ósk Sundfélags Hafnarfjarðar varðandi endurnýjun á búnaði til að hægt sé að uppfylla kröfur um viðunandi keppnisaðstöðu og öryggi.

Nefndin leggur á það áherslu að þegar þarf að forgangsraða sé það gert í samráði við notendur. Því tekur nefndin undir óskir SH um að línur og ráspallar verði endurnýjuð sem fyrst.

Fundargerðir

7. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Eva Rut Reynisdóttirfór yfir fundargerð Ungmennaráðs frá 12. apríl 2016.

8. 1510105 - ÍBH, fundargerð

Fulltrúi ÍBH fór yfir síðustu fundargerð stjórnar ÍBH.

Kynningar

3. 1604531 - Sumarstarf ÍTH 2016

Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir helstu þætti í sumarstarfi ÍTH fyrir börn og ungmenni fyrir næsta sumar. Kynningar og skráningar eru hafnar á starfinu.

Fyrirkomulag er að mestu svipað fyrri árum. Leikjanámskeið verða í allt sumar í skólum bæjarins fyrir aldurshópinn sex til níu ára. Fimm skólagarðar verða

starfræktir, róló verður í gangi þegar leikskólar eru lokaðir, allir unglingar í 8. til 10. bekkjar fá sumarvinnu og börn 10 til 12 ára býðst að taka þátt í Tömstund í tveimur skólum. Ungmenni með fatlanir fá vinnu í Verkhernum.

4. 1408292 - Starfshópur um heilsdagsskóla, fristundastyrki og frístundaakstur
Tillaga starfshópsins kynnt.

5. 1405390 - Víðistaðatún, framtíðarnotkun

Unnið er að því að endurhlaða hólmann í tjörninni. Skátar hafa verið að óska eftir því að stækka svæðið sem heimilt er að tjalda á. Vinna er hafin við að setja upp grillhús sem staðsett verður nálægt tjörninni.

6. 1604532 - Tímaúthlutun ÍBH 2016-2017

Tímaúthlutun til íþróttafélaga sem ÍBH sér um að miðla lögð fram fyrir tímabilið frá sumri 2016 til upphaf sumars 2017.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

[Til baka](#)